

Neytenda- frömuður nemur land

Ian Watson fæddist í Rochester, í vestanverðu New York-fylki í Bandaríkjunum. Hann kom nokkrum sinnum til Íslands á háskólaárum sínum en flutti til landsins árið 2001 þegar hann byrjaði að vinna að doktorsritgerð sinni. Ian ætlaði upprunalega að vera hér tímabundið en kynntist síðan þýskri konu sinni hér á landi og varð um kyrrt. Saman eiga þau ungan son og von á öðru barni.

Neytendablaðið hitti Ian að máli og spurði hvernig áhugi hans á neytendamálum hefði komið til.

„Pabbi var áskrifandi að Consumer Reports, bandaríska neytendablaðinu og studdist við það við bílakaup, kaup á tækjum, fjármálaráðgjöf og fleira. Þá vann ég á sumrin við að skrifa ferðahandbækur um ýmis Evrópulönd, og geri reyndar enn, og skoðaði hótél, veitingastaði, samgöngur, fjarskipti, söfn og allt það sem skiptir ferðamanninn máli. Ég hef líka unnið við að skipuleggja ferðir og þá tekur maður neytendaákvæðanir fyrir tugir eða hundruð manna í einu. Þá er eins gott að íhuga vel hvað verður fyrir valinu.“

Ian situr í stjórn Neytendasamtakanna og er í ráðgjafaráði Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda. Það má því segja að það sé töluverð eftirspurn eftir Ian í neytendamálunum.

„Eitt af því sem hvatti mig til að vinna í neytendamálum á Íslandi er að það er svo margt ógert. Hlutir sem eru sjálfsagðir í öðrum löndum hafa ekki náð landi hér, t.d. vegna smæðar, verðbólgu, vemdastefnu í innflutningi og íhaldssemi í lagaumhverfinu.“

Ian segir að víða þurfi að bæta úr. „Það er mjög mikilvægt að auðvelda neytendum að versla á netinu. Það myndi veita seljendum hér aðhald. Breyta þarf virðisaukaskattsinnheimtakerfi á sendingum eins og talsmaður neytenda og Neytendasamtökin hafa lagt til. Þetta gerist að miklu leyti sjálfkrafa ef við göngum í Evrópusambandið en gæti einnig gerst þótt við stæðum utan þess. Þá mætti einnig vera öflugri pósthverzlun innanlands. Maður sem býr í 200 manna þorpi í Þýskalandi sagði mér nýlega hvað það væri frábært að búa út á landi síðan netið kom. Staða landsbyggðarfólks þar er jöfn á við stöðu borgarbúa vegna þess að allt er hægt að panta frá netverslunum en það er ekki hægt hér.“

Annað sem Ian nefnir eru lög um hópmálsókn, ríkari upplýsingaskylda við kaup á vörum og þjónustu og ódýr lausn smámála



Ian á ferðalagi um Slóvakíu árið 2005

í gegnum nefndir eða dómstóla. Einnig ætti ríkið að þurfa að tilkynna skattgreiðendum um eindaga og mögulega vexti á skuldum. Ian segir að samvinna neytenda sé lyklatríði í að veita seljendum aðhald. „Einstaklingar og samfélagið í heild geta sparað mikinn pening með því að fjármagna neytendastarfsemi, hvort sem fjármagn kemur frá stjórnvöldum eða einstaklingum eða úr báðum áttum. Leikjafræði sem ég hef kennt á Bifröst sýnir hvernig upplýsingar um markaðinn skipta miklu máli í ákvörðunartöku neytenda. Það þarf sameinaða rödd neytenda til að þrýsta á stjórnvöld í mikilvægum málum þar sem breytingar þjóna ekki hagsmunum seljenda. Án raddar neytenda geta fyrirtæki oft grætt ósiðlega og þess vegna er mikilvægt að þjóðin haldi upp öflugri neytendastarfsemi.“

Er verðlag ekki mun hærra hér en í Bandaríkjunum?

„Jú, en aftur á móti borgum við mjög lítið fyrir sumt á Íslandi, eins og menntun, sjúkratryggingar og læknskostnað, húsahtitun og orku. Hér þurfum við bara einn bíl fyrir fjölskylduna sem væri varla hægt í Bandaríkjunum. En þjónusta og innfluttar vörur eru dýrari á Íslandi en þær þurfa að vera.“ Þá segir Ian að óstöðugt verðlag reynist neytendum dýrt. „Óstöðugur gjaldmiðill veldur því að það þarf stanslaust að skipta um verðskrá. Þetta kostar vinnu fyrir seljendur og neytendur eiga erfitt með að byggja upp gott verðskyn. Þá er erfitt að bera saman verð á milli landa þar sem krónan hefur verið mjög óstöðug. Íslendingum finnst verðbólga og verðbreytingar eðlilegar en þær eru það ekki endilega. Það er hins vegar orðin svo mikil hefð fyrir þeim hér að okkur þætti örugglega skrytið að búa allt í einu við lága verðbólgu.“

Þú heldur úti vefnum ferdastofan.is þar sem þú gefur ferðalöngum góð ráð. Hvers vegna förstu í þessa vinnu?

„Það var greinilega þörf fyrir ferðahandbók á Íslandi. Enginn var að safna saman upplýsingum á skipulagðan hátt. Þetta var líka tilraun. Ég vildi prófa hvort ókeypiss ferðahandbók á netinu, fjármögnuð af auglýsingatekjum, gæti gengið. Svárið er að hún gengur. Ég þarf hins vegar að bæta við fyrirtækjum sem styðja síðuna. Þau eru enn ekki nógu mörg, sem er mér að kenna, vegna þess að ég hef ekki kynnt síðuna nógu vel. En áskrifendum að fréttabréfinu hefur farið fjölgandi og fleiri eru velkomnir.“

Sparaðu í kreppunni

Ian Watson deilir nokkrum sparnaðarráðum með lesendum



Góður bill þarf ekki að koma beint úr kassanum

Fjárfestu í endurhlaðanlegum rafhlöðum. Ég hef alltaf keypt þær í útlöndum. Verðið er miklu lægra þar og þær taka ekki mikið pláss í töskunni. Sanyo Eneloop hleðslutæki, sem hleður fjórar AA eða AAA rafhlöður, kostar \$22 (2750 kr.) hjá amazon.com. Fjórar AA rafhlöður eru innifaldar. Fyrir fólk sem notar endurhlaðanlegar rafhlöður mikið mæli ég með BC-900 hleðslutæki frá LaCrosse Technology (um það bil €45 hjá amazon.de eða \$40 hjá amazon.com).

Kauptu notaðan bíl. Það er vissulega skemmtilegt að kaupa nýjan bíl en það borgar sig sjaldan. Við hjónin keyptum fimm ára gamlan Subaru fyrir fimm árum síðan. Við borguðum 500.000 kr. Viðgerðarkostnaður síðan hefur kannski verið 50.000 kr. á ári. Samanlagt hefur billinn kostað 150.000 kr. á ári - en hann gengur enn.

Fáðu þér dælykil. Fyrirtækin Atlantsolía, Orkan og Ódýrt bensín bjóða öll upp á dælykil sem veitir 2 króna afslátt á eldsneyti. Í gegnum Félag íslenskra bifreiðaeigenda er hægt að fá dælykil frá Atlantsólíu sem býður upp á 4 til 6 króna afslátt. Þeir sem taka 25 lítra á viku á lyklinum spara sem nemur félagsgjaldi FÍB á ári. Nei, það er ekki svo mikið, en það sparar tíma líka. Kvittun kemur til þín í tölvupósti.

Lestu ókeypis bækur. Bókasöfn landsins taka mjög vægt gjald fyrir útlánaskirteini og skrá yfir allar bækur má finna á gegnir.is. Auk þess eru margar góðar bækur á ensku gefins í rafrænu formi á vefsíðum eins og archive.org og gutenberg.org. Yfirleitt er um að ræða eldri bækur sem höfundarréttur nær ekki yfir.

Notaðu ókeypis hugbúnað. Það er hægt að gera næstum því allt sem þú þarft í tölvunni án þess að borga fyrir hugbúnaðinn. Hér eru nokkur dæmi um forrit sem hægt er að skipta út: Fyrir Microsoft Office: Open Office. Fyrir Internet Explorer: Firefox eða Opera. Fyrir Adobe Photoshop: IrfanView eða Gimp. Fyrir Norton vírusvörn: AVG. Fyrir Real Player eða Windows Media Player: VideoLAN. Fyrir Microsoft Windows stýrikerfið: Ubuntu. Meðal annarra ókeypis forrita eru Thunderbird (tölvupóstur), FileZilla (skræfærsla), Karen's Replicator (öryggisafrit), Audacity (hljóðvinnsla), Arachnophilia (HTML-ritstjórn), FastStone (ljósmyndaskoðun) og 7-

zip (samanþjöppun). Vefsíðusmíðaforritið Joomla, sem einnig fæst ókeypis, hefur haslað sér völl á Íslandi (joomla.net) en Drupal er annar svipaður valkostur. Einnig er hægt að nota ókeypis forrit á netinu, t.d. Google Docs.

Prófaðu Skype eða önnur sambærileg forrit. Þeir sem hringja oft til útlanda eiga endilega að hlaða niður Skype-forritinu og hvetja vini sína í útlöndum til að gera það sama. Símtöl á milli tveggja tölva sem báðar eru með Skype eru ókeypis (fyrir utan kostnað við það að vera með nettengingu). Það er líka hægt að hringja í fólk í útlöndum á miklu lægra mínútuverði en býðst hjá íslenskum símafyrirtækjum með því að skrá sig í „SkypeOut“ og kaupa inneign með kreditkort. Þeir sem nota Skype mikið kvarta undan því að þurfa að tengja og aftengja heymartól og hljóðnema við fartölvur aftur og aftur. Það sama gildir ef maður kaupir USB-síma sérstaklega fyrir Skype-símtöl. Góð lausn er að kaupa þráðlausan Skype-síma sem tengist inni beinirinn (routerinn) en ekki beint í tölvuna. Það er jafnvel hægt að kaupa síma sem er með tvöfaldar tengingar; annars vegar sem Skype-sími og hins vegar sem venjulegur fastlínusími. DualPhone 3088 (www.dualphone.net) er slíkur sími, framleiddur af dönsku fyrirtæki, og kostar um það bil €120. Ekki er hægt að kaupa þennan síma á Íslandi en hann fæst í flestum Evrópulöndum í gegnum skype.com eða Amazon.

Hugsaðu símaþjónustu þína upp á nýtt. Þarftu hröðustu ADSL-tenginguna í raun og veru? Ég ákvað að vera með þá hægustu og ódýrustu (1 Mbps) og hef aldrei séð eftir því. Ertu að borga fast mánaðarlegt gjald fyrir ákveðinn fjölda mínútna í farsímanum? Ef þú ferð í þrjá mánuði til Spánar á veturna þá er það tapað fé og það er sennilega skynsamlegra að skipta yfir í fyrirkomulag þar sem þú borgar bara fyrir raunverulega notkun.

Lækkaðu hitann. Þó að heitt vatn sé frekar ódýrt á Íslandi er samt auðvelt að spara nokkur þúsund króna á ári án þess að skjálfa af kulda. Passaðu sérstaklega upp á að lækka á ofnunum áður en þú ferð í ferðalag.

Bakaðu eigið brauð. Brauðvélar eru ekki dýrar og það er frábært að vakna við ferskan ilminn.